



ÁRSREIKNINGUR 2012
Sparisjóður Norðfjarðar

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	5
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikninginn

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sparisjóðsins árið á undan.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi 2012 nam hagnaður ársins 19,2 millj. kr. Bókfært eigið fé í lok árs nam 597,6 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 18,6% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu hefur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að eiginfjárlutfall fari ekki niður fyrir 16,0% og gildir sú lágmarkskrafa þar til Fjármálaeftirlitið ákveður annað.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 625,8 millj. kr. og skiptast stofnfjárlutirnir á 86 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af stofnfé í árslok 2012:

Ríkissjóður Íslands	49,5%
Fjarðabyggð	22,4%

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáreigenda á árinu 2013 vegna ársins 2012. Um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárraikningum er vísað til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 13 starfsmenn hjá sparisjóðnum í 8,3 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 58,7 millj. kr.

Framtíðarhorfur í rekstri sparisjóðsins

Sparisjóður Norðfjarðar réðst í nauðsynlegar hagræðingaraðgerðir í upphafi árs 2012 sem meðal annars fólust í lokun á afgreiðslunni á Reyðarfirði. Einungis er því starfrækt afgreiðsla í Neskaupstað. Umhverfið er um margt óhagstætt smáum fjármálafyrirtækjum. Það hagræði sem sparisjóðirnir höfðu af margvíslegu samstarfi sínu á milli þegar stóru sparisjóðanna naut við er ekki lengur til staðar og kostnaður við rekstur þeirra hefur því aukist til muna. Þá hafa ýmsar opinberar álögur á sjóðina aukist og má þar nefna sérstakan fjársýsluskatt sem lagður er á laun hjá fjármálafyrirtækjum, en sá skattur nam 5,45% á árinu 2012 og hækkar í 6,75% á árinu 2013. Þá greiða fjármálafyrirtæki 0,1285% skatt af öllum skuldum sínum á árinu 2012. Einnig eru há framlög í Innstæðutryggingasjóð íþyngjandi. Með þessum hagræðingaraðgerðum er lagður grunnur að því að horfa til framtíðar og huga að uppbyggingu og vexti Sparisjóðs Norðfjarðar.

Stjórnarhættir

Stjórn sparisjóðsins hefur á árinu 2012 unnið að setningu og innleiðingu á ýmsum reglum er varðar rekstur og stjórn sjóðsins. Í því sambandi hefur meðal annars verið stuðst við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði. Stjórnarháttayfirlýsing sparisjóðsins er birt á heimasíðu sjóðsins <http://www.sparnor.is>. Í dag skipa stjórn sjóðsins fimm einstaklingar og eru þeir allir óháðir stærstu stofnfjáreigendum.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikninginn, frh.:

Álit og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Fjarðabyggð 26. mars 2013

Stjórn:

Jón Ólafur Magnússon
Hákon Þórnason
Gudm. Skúla
Sigurður Haraldsson

Sparisjóðsstjóri:

Wilmundur E. Pálsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Norðfjarðar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. mars 2013.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Vaxtatekjur		380.807	387.414
Vaxtagjöld	(212.727)	(236.522)
Hreinar vaxtatekjur	5	168.080	150.892
Virðisrýrnun útlána	14	(21.357)	(41.978)
Þjónustutekjur		37.706	37.703
Þjónustugjöld	(12.067)	(13.919)
Hreinar þjónustutekjur		25.639	23.784
Hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	18.965	30.208
Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (-tap)	7	(8.942)	6.053
Aðrar rekstrartekjur	8	36.096	17.613
Aðrar rekstrartekjur		46.119	53.874
Hreinar rekstrartekjur		218.481	186.572
Laun og launatengd gjöld	9	(77.250)	(76.811)
Annar rekstrarkostnaður	10	(108.488)	(112.222)
Afskriftir	12	(2.881)	(4.059)
Rekstrargjöld samtals		(188.619)	(193.092)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		29.862	(6.520)
Tekjuskattur	11	(4.629)	360
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	3g	(6.018)	(6.019)
Hagnaður (tap) ársins		19.215	(12.179)

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	12	1.219.180	21.933
Kröfur á lánastofnanir	13	412.169	369.861
Útlán til viðskiptamanna	14	2.568.135	2.649.177
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	15	695.155	1.801.153
Hlutdeildarfélög		0	16.830
Rekstrarfjármunir	16	96.491	110.512
Fullnustueignir	17	101.050	110.430
Skatteign	18	139.796	144.328
Aðrar eignir		9.914	6.096
		<u>5.241.890</u>	<u>5.230.320</u>
Eignir samtals			
		<u>5.241.890</u>	<u>5.230.320</u>
Skuldir			
Almenn innlán		4.447.498	4.427.685
Lántökur	19	124.428	130.523
Aðrar skuldir	20	72.377	93.740
		<u>4.644.303</u>	<u>4.651.948</u>
Skuldir samtals			
		<u>4.644.303</u>	<u>4.651.948</u>
Eigið fé			
Stofnfé		625.799	625.799
Varasjóður		(28.212)	(47.427)
		<u>597.587</u>	<u>578.372</u>
Eigið fé samtals			
		<u>597.587</u>	<u>578.372</u>
Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>5.241.890</u>	<u>5.230.320</u>

Eiginfjárfirlit árið 2012

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Árið 2011			
Eigið fé 1. janúar 2011	625.799 (35.248)	590.551
Tap ársins	(12.179) (12.179)
Eigið fé 31. desember 2011	625.799 (47.427)	578.372
Árið 2012			
Eigið fé 1. janúar 2012	625.799 (47.427)	578.372
Hagnaður ársins		19.215	19.215
Eigið fé 31. desember 2012	625.799 (28.212)	597.587

Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		19.215 (12.179)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur	(168.080)	(150.892)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(2.781)	(2.730)
Afskriftir rekstrarfjármuna		2.881	4.059
Virðisýrnnun útlána		21.357	41.978
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(21.595)	0
	(149.003)	(119.764)
Kröfur á lánastofnanir, breyting		33.799	583.993
Útlán, breyting		146.087	(74.566)
Fjáreignir á gangvirði, breyting		1.125.609	(515.804)
Aðrar eignir, breyting	(3.818)	21.654
Innlán, breyting	(89.542)	(118.418)
Skatteign, breyting		4.532	(360)
Aðrar skuldir, breyting	(21.363)	8.810
		1.046.301	(214.455)
Innheimtir vextir og arður		303.785	284.982
Greiddir vextir	(103.372)	(114.866)
Handbært fé frá (til) rekstrar		1.246.714	(44.339)
Fjárfestingarhreyfingar			
Söluverð fastafjármuna		32.735	0
Fjárfestingarhreyfingar		32.735	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka, breyting	(6.095)	6.213
Fjármögnunarhreyfingar	(6.095)	6.213
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.273.354	(38.126)
Handbært fé í ársbyrjun		331.747	369.873
Handbært fé í lok ársins	3h	1.605.105	331.747

Skýringar

1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Norðfjarðar er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sparisjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Samfélagslegt hlutverk sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á sínu starfssvæði.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórn sparisjóðsins staðfesti ársreikninginn 26. mars 2013.

b. Matsaðferðir

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnar fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði. Þær eignir sem um ræðir eru markaðsskuldabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og eignarhlutir í öðrum félögum.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 3.

e. Breytingar á framsetningu og flokkun

Sparisjóðurinn breytti á árinu flokkun sinni á eignarhlutum í tveim félögum, RB og Teris. Félögin eru nú færð með eignarhlutum í öðrum félögum en voru áður flokkuð sem hlutdeildarfélög. Ástæða breytingarinnar er að rekstrarformi RB hefur verið breytt og Teris hefur nánast hætt starfsemi og þjónustu sinni við sparisjóðina.

Framsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings hefur verið breytt til samræmis við framsetningu þeirra fjármálafyrirtækja sem gera ársreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Breytingin hefur engin áhrif á afkomu eða eigið fé sparisjóðsins.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eiga sér alla jafna stað þegar sparisjóðurinn ræður yfir á milli 20% og 50% atkvæðaréttar.

Ársreikningur sparisjóðsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaganna samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagið er bókfærð verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélagi á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jafnað.

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir frh.:

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af innlánnum og víkjandi láni. Hafi útlán verið meira en þrjú mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

c. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

d. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning við móttöku arðgreiðslunnar.

e. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

f. Virðisrýrnun

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánnum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

(i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;

(ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstóli;

(iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;

(iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;

(v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f. Virðisrýrnun, frh.:

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna, frh.:

(vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:

- óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
- almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánnum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggi hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útstandandi fjárhæða;

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við vænt framtíðarsjóðstreymi eða núvirði þeirra trygginga sem sjóðurinn hefur fyrir lánunum. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á söfnum útlána og krafna

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, láns hæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá því virðisrýrnun hefur átt sér stað þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Skattar

Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstandur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sparisjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs, en skattskyldan hvílir á viðskiptaböndum, sparisjóðum og lánaðum fjárfestingum og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum.

Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sparisjóðsins.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

i. Útlán til viðskiptamanna og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur eða eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem sparisjóðurinn tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sparisjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og sparisjóðurinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

j. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sparisjóðurinn tilgreinir tiltekna fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.

k. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerna sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerna.

l. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

m. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

n. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

o. Rekstrarfjármunir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

p. Fullnustueignir

Fullnustueignir er eignir sem sparisjóðurinn hefur eignast vegna fullnustu á kröfum. Eignirnar eru í sölumæðferð og eru eignfærðar á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

q. Innlán

Innlán eru færð upphaflega á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

r. Lántaka

Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í erlendum myntum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 4.

s. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

t. Starfskjör

Sparisjóðurinn er með iðgjaldatengt lífeyriskerfi þar sem hann greiðir skyldu- og samningsbundin iðgjöld með ákveðnu framlagi í séreigna - eða almenna lífeyrissjóði. Sparisjóðurinn er ekki skuldbundinn til frekari greiðslna þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Sjóðurinn er ekki með neinn réttindatengdan lífeyrissjóð.

u. Eigið fé

(i) Stofnfé

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans 626 millj. kr. og er það í eigu 86 aðila. Eitt atkvæði fylgir hverri 1 kr. stofnfjár.

(ii) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati stofnfjár og tapi eru færðar úr varasjóði.

(iii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar á fundi stofnfjáraðila.

v. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn endurskoðar útlánasafn sitt og metur virðisrýrnun reglulega. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

4. Skýrsla um áhættustýringu

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta.

a. Áhættustefna sjóðsins

Áhættumat ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðsins. Það er stefna stjórnar sjóðsins að sífellt skuli fylgst með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi sjóðsins. Stjórn sparisjóðsins mótir stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því gagnvart stofnfjáraðilum að þeim sé framfylgt. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn.

b. Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

(i) Samningar sem innihalda útlánaáhættu

Útlánaáhætta sjóðsins verður til við veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Einnig býr sparisjóðurinn við útlánaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Útlánasafn: Helstu eignir sparisjóðsins eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns sjóðsins er stöðugt fylgst með núverandi lánasafni sparisjóðsins.

Skuldbindingar og ábyrgðir: Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans aðgang að fjármunum. Hugsanlegt tap vegna skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni.

(ii) Stefna varðandi útlánaáhættu

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsúmsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

(iii) Stórar áhættuskuldbindingar

Viðskiptavinir teljast til stórra áhættuskuldbindinga ef heildar skuldbindingar þeirra eða fjárhagslega- eða stjórnunarlega tengdra aðila eru umfram 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, að teknu tilliti til veða sem tryggja lánin, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Samkvæmt reglunum mega stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila ekki vera meiri en 25% af eiginfjárgrunni. Allar stórar áhættur sparisjóðsins voru innan þessara marka í lok árs 2012.

Í árslok 2012 mæltu innri reglur sparisjóðsins fyrir um að stórar áhættuskuldbindingar við einstaka viðskiptavini mættu vera allt að 20% af eigin fé sparisjóðsins. Stjórn sjóðsins getur hins vegar heimilað að áhættuskuldbinding einstakra viðskiptavina nái 25% af eiginfjárgrunni ef skuldbindingin er til þess fallin að vernda hagsmuni sjóðsins. Í lok árs 2012 var ein áhættuskuldbindingar umfram 20%. Ef miðað er við innri reglur sparisjóðsins ætti heildarhlutfall stórra áhættuskuldbindinga ekki að fara yfir 300% af eiginfjárgrunni. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er þetta hlutfall 400%.

Þann 31. desember 2012 voru 4 viðskiptamenn sparisjóðsins skilgreindir sem stórar áhættuskuldbindingar

	Fjöldi	2012	2011
Stórar áhættuskuldbindingar umfram 20% af eiginfjárgrunni	1	123.238	131.200
Stórar áhættuskuldbindingar á bilinu 10-20% af eiginfjárgrunni	4	219.623	182.992
Samtals	5	342.861	314.192
Hlutfall af eiginfjárgrunni		67,4%	57,9%

Skýringar, frh.:

4. Skýrsla um áhættustýringu, frh.:

c. Virðisrýrnun útlána

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýrnun útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samanber skýring 3f.

d. Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalldaga. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	0-3 mánuðir	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innistæður ...	1.219.180				1.219.180
Kröfur á lánastofnanir	385.980			26.189	412.169
Útlán	412.640	264.587	669.574	1.221.334	2.568.135
Ríkisvixlar	42.314				42.314
Markaðsverðbréf	579.478	246	34.613		614.337
Aðrar eignir	9.462				9.462
Fjáreignir samtals	2.649.054	264.833	704.187	1.247.523	4.865.597
Almenn innlán	2.530.867	710.649	808.142	397.840	4.447.498
Lántaka	6.913	20.738	96.777	0	124.428
Aðrar skuldir	72.376		0		72.376
Fjárskuldir samtals	2.610.156	731.387	904.919	397.840	4.644.302
Fjáreignir og fjárskuldir	38.898	-466.554	-200.732	849.683	221.295
Ónýttur yfirdráttur	211.941				211.941

Í lausafjárstýringu sinni miðar sjóðurinn við vænt sjóðstreymi. Munurinn er aðallega sá að þó svo innlán séu bundin í skamman tíma í senn þá er reynslan sú að þau eru til mun lengri tíma. Þá ávaxtar sjóðurinn lausafé sitt að hluta til í markaðsbréfum sem ekki hafa skilgreindan eftirstöðvatíma, en sjóðurinn getur innleyst hvenær sem er.

e. Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættunni og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru. Markaðsáhætta er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Markaðsáhætta er áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinna staða í gjaldmiðlum, hlutabréfum og vaxtaberandi gæmingum, en slíkir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flókti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, vaxtaálagum, gengi gjaldmiðla og hlutabréfaverði.

4. Skýrsla um áhættustýringu, frh.:

f. Vaxtaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er sparisjóðurinn einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam 2.538 millj. kr. í árslok 2012 og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 2.556 millj. kr.

Heildarfjárhæð útlána sparisjóðsins sem bera fasta vexti nemur 34 millj.kr. en engar skuldir sparisjóðsins bera fasta vexti.

g. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Að jafnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í einstökum erlendum myntum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldeyrisstaða sparisjóðsins í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé hans samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þá skal heildargjaldeyrisjöfnuður sjóðsins hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 15% af eiginfjárgrunni hans samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum námu 230 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 217 millj. kr.

h. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem fjárhagslegt tap vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Lagaleg áhætta telst til rekstraráhættu. Rekstraráhætta er því til staðar í allri viðskiptastarfsemi.

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á rekstraráhættu sparisjóðsins og stýringu á henni. Stýring á rekstraráhættu er ætlað að tryggja að sjóðurinn geri sér grein fyrir hvers konar áhættu í rekstrinum, að stöðugt eftirlitskerfi sé til staðar og að eftirlitsþáttum sé framfylgt á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.

i. Eiginfjárstýring

Stefna sparisjóðsins varðandi eigið fé er að sjóðurinn hafi ávallt nægjanlegt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum. Samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki má eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja ekki vera lægra en 8,0%. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins á árinu 2010 gerði Fjármálaeftirlitið (FME) kröfu um að eiginfjárlutfall fari ekki niður fyrir 16%.

Eigið fé sparisjóðsins eins og það er skilgreint í framangreindum lögum um fjármálafyrirtæki skiptist í tvo þætti:

Eiginfjárbátt A, sem er bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum, skatteign og 50% af bókfærðu verði á eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum.

Eiginfjárbátt B, sem er víkjandi lán og 50% af bókfærðu verði á eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum.

Eiginfjárbáttur B má að hámarki nema 50% af eiginfjárbætti A.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli metur sparisjóðurinn áhættu samkvæmt staðalaðferð, það er hann metur áhættu í einstökum liðum í samræmi við áhættuvog sem fram kemur í reglum nr. 215/2007 um Eiginfjárlögreglu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Skýringar, frh.:

4. Skýrsla um áhættustýringu, frh.:

Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall:

Eigið fé í lok ársins nemur 597,6 millj. kr. eða sem nemur 11,4% af heildareignum sparisjóðsins. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 18,6%.

Eiginfjárlutfall sjóðsins reiknast þannig:

	2012	2011
Heildar eigið fé	597.587	578.372
Skatteign	(139.796)	(144.329)
Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum 50%	(4.131)	0
Eiginfjárbáttur A	453.660	434.043
Víkjandi lán	59.103	80.598
Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum 50%	(4.131)	0
Eiginfjárgrunnur samtals	508.632	514.641

Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta	158.209	182.580
Markaðsáhætta	32.395	14.870
Rekstraráhætta	28.700	28.578
Eiginfjárfkrafa	219.304	226.028

Eiginfjárgrunnur umfram 8% eiginfjárkröfu	289.328	288.613
---	---------	---------

Eiginfjárlutfall	18,6%	18,2%
Þar af eiginfjárlutfall A	16,5%	15,4%

5. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
2012			
Kröfur á og skuldir við fjármálafyrirtæki	78.448	(57)	78.391
Útlán og innlán	297.575	(205.493)	92.082
Lántökur	0	(7.177)	(7.177)
Annað	4.784	0	4.784
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	380.807	(212.727)	168.080
2011			
Kröfur á og skuldir við fjármálafyrirtæki	49.695	0	49.695
Útlán og innlán	295.235	(231.153)	64.082
Lántökur	0	(5.369)	(5.369)
Annað	42.484	0	42.484
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	387.414	(236.522)	150.892

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Hreinar tekjur af eignum á gangvirði sundurliðast þannig:

	2012	2011
Hlutabréf	7.103	(1.189)
Skuldabréf	11.862	31.397
Samtals	18.965	30.208

Skýringar, frh.:

7. Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

Hreinn gengishagnaður (tap) sundurliðast þannig:

	2012	2011
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	2.678	1.761
Útlán	2.696	13.446
Innlán	(7.245)	(1.851)
Lántaka	(7.071)	(7.303)
Samtals	(8.942)	6.053

8. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

Hagnaður af sölu fastafjármuna	21.594	0
Aðrar þjónustutekjur	14.502	17.613
Samtals	36.096	17.613

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	58.734	60.727
Lífeyrissjóðsiðgjöld	8.951	9.242
Fjársýsluskattur	3.869	0
Önnur launatengd gjöld	5.696	6.842
Samtals	77.250	76.811

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	8	10,0
Stöðugildi í árslok	6	9,8

10. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Tölvuþjónusta	41.176	39.839
Félagsgjöld ýmis, SÍSP, TIF FME, og fl	17.413	21.134
Endurskoðunarkostnaður	10.535	8.081
Rekstur fastafjármuna	7.193	9.054
Póstur og Sími	4.908	3.975
Markaðskostnaður	3.898	4.031
Sérfræðiþjónusta önnur	3.554	8.534
Annað ósundurliðað	19.811	17.574
Samtals	108.488	112.222

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

Endurskoðun ársreiknings	3.059	3.946
Könnun árshlutareiknings	2.030	1.859
Samtals	5.089	5.805
Þóknun til innri endurskoðanda sjóðsins	5.446	2.276
	10.535	8.081

Skýringar, frh.:

11. Skattar

		2012		2011
Virkur tekjuskattur greinist þannig:				
Virkt skatthlutfall:				
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		29.862	(6.520)
Tekjuskattur af afkomu ársins	20,0%	5.972	20,0% (1.304)
Ofrádráttarbær kostnaður	0,0%	0	(44,0%)	2.868
Gengisbreyting hlutabréfa	(23,8%) (7.103)	0,0%	0
Aðrir liðir	(11,7%) (3.498)	18,5% (1.204)
Virkur tekjuskattur	(15,5%) (4.629)	(5,5%)	360

Í árslok nemur yfirfæranlegt skattalegt tap sparisjóðsins 477 millj. kr. Tapið myndaðist á árunum 2008 til 2011. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt innan tíu ára frá því það myndast.

12. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjóður og innstæður í Seðlabanka sundurliðast þannig:	2012	2011
Sjóður	19.180	21.933
Innstæðubréf	1.200.000	0
Samtals	1.219.180	21.933

13. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:		
Viðskiptareikningur	259.268	223.386
Óbundin innlán	126.712	121.377
Bundin innlán	26.189	25.098
Samtals	412.169	369.861

14. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:		
Yfirdráttarlán	537.700	577.063
Skuldabréf	2.030.435	2.072.114
Samtals	2.568.135	2.649.177

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríkissjóður og ríkisstofnanir	0,2%	0,2%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	0,52%	0,0%
Sjávarútvegur	9,1%	9,0%
Verslun	4,6%	4,3%
Iðnaður og verktakar	5,7%	6,9%
Þjónusta	17,1%	20,3%
Samgöngur	1,3%	1,4%
Aðrar lánastofnanir	0,4%	0,5%
Einaklingar	61,1%	57,4%
Samtals	100,0%	100,0%

Skýringar, frh.:

14. Útlán, frh.:

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinist þannig:			2012	2011
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir			566.410	665.109
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(162.919)	(174.042)
Önnur vaxtafryst útlán			51.952	80.048
Óvaxtaberandi útlán samtals			455.443	571.115
Afskriftareikningur útlána greinist þannig:				
	Afskriftareikningur		2012	2011
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	174.042	53.227	227.269	450.258
Virðisrýrnun útlána færð á árinu	21.357		21.357	41.978
Endanlega töpuð útlán	(32.480)		(32.480)	(263.408)
Afskriftareikningur útlána í árslok	162.919	53.227	216.146	228.828
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	6,2%	2,0%	8,2%	8,5%

15. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	656.651	1.783.481
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	38.504	17.672
Samtals	695.155	1.801.153

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skráð í Kauphöll Íslands	615.710	1.241.281
Önnur skráð bréf	40.941	542.200
Samtals	656.651	1.783.481

Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum námu alls 608 millj. kr. af framangreindri fjárhæð.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Óskráð hlutabréf	38.504	17.672
Samtals	38.504	17.672

Hlutabréf sundurliðast þannig:	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Eimskipafélag Íslands hf.	0	0	42	9.643
Sparisjóður Vestmannaeyja	0,5%	0	4.768	4.768
Teris, Kópavogi	1,4%	0	14.781	14.781
Reiknistofa bankanna, Reykjavík	0,3%	0	4.830	4.830
Borgun hf.	0,2%	0	941	3.494
Önnur félög	0,0%	0	988	988
Samtals		0		38.504

Skýringar, frh.:

16. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2011	156.535	45.432	201.967
Afskrifað áður	(53.187)	(38.269)	(91.456)
Bókfært verð 1.1.2012	103.348	7.163	110.511
Selt á árinu	(11.140)	(11.140)	(22.280)
Afskrifað á árinu	(2.880)	0	(2.880)
Bókfært verð 31.12.2012	89.328	7.163	96.491
Afskriftarhlutföll	4%	20-33%	

Fasteignamat húseigna í árslok nam 68,2 millj. kr. og lóða 6,6 millj. kr. eða samtals 74,9 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 279,3 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 63,3 millj. kr. í árslok.

17. Fullnustueignir

Fullnustueignir greinast þannig:

	2012	2011
Fasteignir	94.300	101.680
Lóðir	6.750	6.750
Aðrar eignir	0	2.000
Samtals	101.050	110.430

18. Skatteign

Breytingar á skatteign á árinu greinist þannig:

Skatteign í ársbyrjun	144.328	143.968
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(4.532)	360
Skatteign í árslok	139.796	144.328

Skatteign sparisjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Rekstrarfjármunir	(2.138)	(3.445)
Gengismunur	42.837	(1.743)
Útlán	789	45.766
Yfirfæranlegt skattalegt tap	98.308	103.750
Skatteign í árslok	139.796	144.328

19. Lántökur

Lántaka sparisjóðsins er í formi víkjandi láns. Lánið skiptist þannig niður á einstakar myntir.

	Vextir	Loka gjalddagi	2012	2011
Lán í GBP	3 m Libor+5%	2017	13.009	13.210
Lán í USD	3 m Libor+5%	2017	51.950	55.228
Lán í EUR	3 m Libor+5%	2017	59.469	62.085
			124.428	130.523

Skýringar, frh.:

20. Aðrar skuldir

Ýmsar skuldir greinast þannig:	2012	2011
Fjármagnstekjuskattur	31.871	34.811
Aðrar skuldir	40.506	58.929
Samtals	72.377	93.740

21. Veðsettar eignir

Sparisjóðurinn hefur sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum að fjárhæð 51,1 millj. kr. í árslok 2012 til þess að tryggja uppgjör í íslenska greiðsluferfinu. Um er að ræða ríkistryggt markaðsverðbréf og bundin innlán hjá lánastofnunum. Aðrar eignir sparisjóðsins eru óveðsettar.

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjáreigendur sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

Viðskipti við tengda aðila	2012	2011
Útlán	67.869	97.609
Innlán	145.239	191.470

Vextir af útlánnum og innlánnum tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

Laun og þóknanir til sparisjóðsstjóra og stjórnar :

Viljálmur G. Pálsson, sparisjóðsstjóri	15.012	15.059
Jón Einar Marteinnsson stjórnarformaður	1.590	960
Guðmundur J. Skúlason, stjórnarmaður	795	480
Hákon Björnsson, stjórnarmaður	795	480
Jón Björn Hákonarson, stjórnarmaður	675	0
Sigurbjörg Hjaltadóttir, stjórnarmaður	795	480
Fyrirverandi stjórnarmenn	160	540
Samtals	19.662	17.999

Framlag sparisjóðsins í sjálfstæða iðgjaldatengda lífeyrissjóði vegna sparisjóðsstjóra og stjórnarmanna nam 1,1 millj. kr.

Þrír stjórnarmenn og félög tengd þeim eiga samtals 20,2 millj. stofnfjárhluta í Sparisjóðnum eða 3,2%

23. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2012	2011
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	42.192	39.155
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	211.941	184.208

24. Aðrar skuldbindingar

Samkvæmt lögum um fjármálaafyrirtæki ber sparisjóðnum að ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu. Hagnaður sparisjóðsins fyrir skatt á árinu 2012 nam 31,5 millj. kr. og hefur sjóðurinn því fært til gjalda í rekstrarreikningi sínum og skuldar í efnahagsreikningi 1,7 millj. kr. sem sparisjóðurinn mun ráðstafa til slíkra verkefna á árinu 2013.

25. Önnur mál

Enn ríkir óvissa um lögmæti lánasamninga og annarra fjármálagerna sem tengjast erlendum myntum. Við uppgjör 2012 hefur verið tekið fullt tillit til hugsanlegs taps af þeim lánasamningum sem sparisjóðurinn telur að falli undir dóma um ólögmæt gengistryggð lán, en þeim lánum hefur nú þegar verið breytt í lán í íslenskum krónum.

Einn lántaki, sem er með lán í erlendri mynt, stefndi sparisjóðnum til að fá úrskurð um hvort um löglegt lán væri að ræða. Í desember 2012 dæmdi Héraðsdómur Austurlands umrætt lán lögmætt. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu stefnanda. Niðurstaða Hæstaréttar gæti haft fordæmi varðandi lögmæti annarra lána í erlendri mynt hjá sparisjóðnum. Sparisjóðurinn hefur metið áhrif þess á fjárhagsstöðu sjóðsins ef allir lánasamningar sem eru í erlendum myntum verða taldir ólögmætir. Samkvæmt matinu má ætla að sjóðurinn gæti orðið fyrir 154 millj. kr. tapi.

